



Fréttabréf heimsforeldra
Sumar 2006

HEIMSFORELDRAR SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA



Kæra heimsforeldri,

Eins og fram kom í fréttum fyrr í sumar er fjöldi heimsforeldra nú yfir 7000. Árið 2005 var íslenska landsnefndin með hæstu fjárframlögin til verkefna UNICEF af öllum landsnefndunum, ef miðað er við höfðatölu. Stærsta framlag okkar kemur frá heimsforeldrum. Þið, kærar heimsforeldrar, getið því verið afar stolt. Við hjá UNICEF á Íslandi erum afskaplega ánægð yfir því hversu vel og af hve miklu örlæti Íslendingar hafa brugðist við Barnahjálpinni. Við erum ánægð vegna þess að á hverjum degi sjáum við hvernig framlögum heimsforeldra er varið til barna víða um heim.

Í þessu fréttabréfi langar okkur að kynna fyrir þér sérstök verkefni UNICEF. Oft þarf að finna öðruvísi leiðir til að ná til barnanna og veita þeim aðstoð. Þróunar- aðstoð sem skilar árangri, er sú aðstoð sem löguð er að þörfum einstaklinga í hverju samfélagi fyrir sig og sem gerð er í nánu samstarfi við alla aðila. Verkefni sem við kynnum í þessu fréttabréfi eru einungis örfá af mörgum sem okkur fannst vert að vekja athygli þína á.

Eins og þú hefur væntanlega tekið eftir ríkir mikil neyð í Líbanon eftir að Ísraelar réðust á borgir og bæi í suðurhluta landsins. UNICEF hefur fordæmt þessar árásir. Heimsforeldrar leggja til fé þar sem þörfin er mest hverju sinni og má því vissulega gera ráð fyrir því að hluti stuðnings þíns hafi þegar gagnast börnum í Líbanon. Okkur langar því til að segja þér örlítið frá aðstæðum barna í landinu og hvernig UNICEF hefur brugðist við neyðarástandinu sem skapast hefur. Þess ber að geta að á forsíðunni eru myndir frá Líbanon.

Í síðasta fréttabréfi sögðum við frá nýjum tengiliði heimsforeldra, Snjólaugu Aðalgeirsdóttur. Hún mun nú skipta um símanúmer, úr 552 6700 í nýtt númer **552 6310**. Við vonum að þessar breytingar valdi ekki ruglingi og að við getum þjónustað þig eins vel og kostur er. Endilega láttu okkur vita ef þú breytir um heimilisfang eða þarft að skipta um greiðslufyrirkomulag.

Takk fyrir stuðninginn!

Með kærri sumarkveðju,

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

LEIKJAHORN



Gerðu þína eigin sokkabróðu!

Þú getur gert þína eigin sokkabróðu eins og krakkarnir í lýðveldinu Austur-Kongó nota. Allt sem þú þarft er sokkur, lím, skæri, pappi, efni, garn, tölur og tvinni. Góða skemmtun!

1. Settu sokkinn á höndina og spurðu einhvern fullorðinn um að hjálpa þér að klippa gat á sokkinn. Gatið á að vera munnur og verður að vera milli þumalsins og hinna fingranna.

2. Klippu hring úr pappanum sem er 10 cm langur og 6 cm breiður. Gerðu alveg eins hring í efni og límdu það við kartonið. Þetta á að vera innan í munnum.

3. Þegar límið hefur þornað er tilvalið að brjóta hringinn saman þannig að efnið vísi inn.

4. Límdu eða saumaðu samanbrotna hringinn inn í gat sokksins. Þú gætir þurft hjálp frá einhverjum fullorðnum við þetta.

5. Nú er kominn tími til að skreyta sokkabróðuna. Hvernig mun sokkabróðan líta út? Ætlar þú að gera manneskju? Eða dýr? Til að gera augu getur þú annað hvort saumað tölur á sokkinn eða límt eða saumað efni sem þú hefur klippið út. Þú getur notað garnið til að búa til hár, eyru, nef, skegg eða hvað sem þér dettur í hug. Ekki gleyma að gefa brúðunni nafn!

Stuttar fréttir

Framkvæmdastjóri UNICEF, Ann M. Veneman, heimsótti landsnefndina á Íslandi um miðjan júlí. Tilfnið var að skrifa undir samstarfssamning við UNICEF á Íslandi til frambúðar. Þessi undirritun vakti mikla athygli enda stór tímamót fyrir landsnefndina. Við undirritun samningsins þakkaði Veneman Íslendingum fyrir rausnarleg framlög þeirra til þurfandi barna í heiminum.

Ann M. Veneman hreifst af brúðum kvenfélagskvenna á Íslandi. Hér sést hún halda á einni sem hún keypti til styrktar menntaverkefni UNICEF í Gíneu-Bissá.



© UNICEF Ísland

Útgefandi: UNICEF Ísland
Laugavegi 42
101 Reykjavík
552 6310 / heimsforeldri@unicef.is

Verndari heimsforeldra er frú Vigdís Finnbogadóttir.
Tengiliður heimsforeldra er Snjólaug Aðalgeirsdóttir.
Framkvæmdastjóri: Stefán Ingi Stefánsson.
Stjórnarformaður: Einar Benediktsson.

Forsíða: Myndir frá Líbanon. © UNICEF/Brooks.
Hönnun og prentun: Prentsmiðjan Oddi.



© UNICEF/Getachew

Medina brosir fyrir utan híbýli fjölskyldunnar.

Saga hirðingja- stúlkunnar Medinu

Medina Humed Ahmed, 10 ára, frá Afar svæðinu í Eþíópíu er hirðingi og flakkar með fjölskyldu sinni frá einum stað til annars í leit að vatni og góðu beitarslandi fyrir hjörð sína. Medina og bróðir hennar Mohammed, 12 ára, reka geitur og kindur fjölskyldunnar og ná í vatn. Hún hjálpar einnig til við eldamennskuna og nær í eldivið.

Í landi þar sem regluleg skólasókn stúlkna er minni en 28% voru tækifærin ansi fá fyrir litlu hirðingjastúlkuna. Í dag gengur Medina í Galifega-skólann sem hannaður er að þörfum barna í hirðingjasamfélögum. Það gekk þó ekki vel fyrir hana í fyrstu. Medina hlakkaði mikið til að byrja í skóla, en faðir hennar vildi að hún yrði heima að hjálpa til við heimilisverkin. Kennari skólans, Mohammed Adam, heimsótti fjölskyldur allra þeirra barna sem höfðu skráð sig en ekki mætt. Um mitt ár hafði hann sannfært föður Medinu um að senda hana í skóla. Þegar Medina var spurð um framtíðina var hún hljóð í fyrstu en sagðist svo vilja fljúga flugvélum þegar hún yrði stór. Nú styðja allir í fjölskyldunni skólagöngu Medinu.

Stuðningur þinn skiptir máli: UNICEF og heimsforeldrar styðja Galifega-skólann og aðra hirðingjaskóla í Eþíópíu. Skólinn flyst með samfélaginu og námstíminn er sveigjanlegur. Honum er ætlað að kenna 1. til 4. bekkjar nám á aðeins þremur árum og á að fylgja algjörlega takti samfélagsins. Innfæddir eru þjálfaðir til að verða kennarar og þekkja því vel til samfélagsins. Áætlað er að fjölga slíkum skólum um helming á Afar svæðinu á næstu þremur árum.



© UNICEF/Anna

Þau sem hafa unnið lengur en aðrir þjálfá hina upp. Á bolunum sést hvaða ungmenni eru kennarar og hverjir eru enn í þjálfun.



© UNICEF/Pirozzi

Lítill stúlka leikur sér með brúðu í miðstöðinni í Lubumbashi í Katanga-héraði í suðausturhluta Austur-Kongó.

Sálræn aðstoð í Austur-Kongó

Í Lubumbashi í lýðveldinu Austur-Kongó styrkir UNICEF miðstöð fyrir börn á leikskólaaldri. Aðstæður barna í landinu eru mjög bágbornar sökum átaka sem geislað hafa í nær áratug. Nú er svo komið að mörg börn þekkja ekki annað en átök og ófrið. Fjöldi þeirra hefur tekið beinan þátt í stríði og önnur hafa orðið vitni að morðum eða öðrum harmleik. Börnin lifa við stöðugt óöryggi þar sem þau þurfa að flýja heimili sín og enda á vergangi eða í flóttamannabúðum.

UNICEF er með margvísleg verkefni í þessu stríðshrjáða landi. Eitt af forgangsatridunum er að veita börnum sálræna aðstoð. Þegar ung börn hafa lent í sálrænum áföllum er mikilvægt að hjálpin taki mið af þeirra þörfum. Að nota brúður til að ná til barnanna hefur reynst afar áhrifarík aðferð. Þessi aðferð hefur til að mynda einnig verið notuð til hjálpar börnum sem lentu í flóðbylgjunni við Indlandshaf árið 2004.

Stuðningur þinn skiptir máli: UNICEF og heimsforeldrar veita miðstöðinni í Lubumbashi húsgögn, leikföng og þjálfun fyrir kennarana. Miðstöðin hefur hjálpað fjölda barna að komast yfir sálræn áföll.

Veitingahús götubarnanna

Í stórborgum Kambódíu eru mörg munaðarlaus börn sem hafa lítil sem engin tækifæri í lífinu. Í höfuðborginni Phnom Penh er veitingastaðurinn *Vinir*, sem rekinn er af götubörnum og styrktur af UNICEF og heimsforeldrum. Börnin sjá um að elda, þjóna og vaska upp. Hver og einn hefur valið hlutverk við sitt hæfi.



© UNICEF/Anna

Stuðningur þinn skiptir máli: Í stað þess að lenda í klóm vændis og eiturlyfja er þessum ungmennum veitt alvöru tækifæri í lífinu og þjálfun sem nýtist þeim í framtíðinni. Það sést vel að þau kunna til verka, vanda sig og eru hamingjusöm.

Krakkarnir í eldhúsinu á veitingastaðnum *Vinum* voru hinir hressustu og svo sannarlega til í að láta mynda sig þegar fulltrúi UNICEF Ísland heimsótti þau.

Neyðarhjálp UNICEF í Líbanon

Ástandið í Líbanon versnar dag frá degi eftir að Ísraelar hófu árás á suðurhluta landsins 12. júlí síðastliðinn. UNICEF hóf strax viðtæka neyðaraðstoð þrátt fyrir að erfitt sé að komast að vissum svæðum þar sem allir vegir og flugvellir hafa verið eyðilagðir. Þegar þetta er rit að er tala látinna 1020 og 3568 liggja særðir vegna átakanna, en ljóst er að fleiri munu liggja í valnum ef fram heldur sem horfir. UNICEF fordæmir árásirnar harðlega og segir nauðsynlegt að hjálparamtökum sé veittur óhindraður aðgangur að þeim sem mest eru þurfandi í Líbanon.

Börn á flóttu

Rúmlega 900 þúsund manns hafa þurft að flyja heimili sín og er nær helmingur þeirra börn. Sumir hafa fundið hæli hjá ættingjum og vinum, en stór hluti hefst við í skólum og almenningsgördum. Í landi þar sem venjulega er 97% skólasókn eru fleiri hundruð skólar nú óstarfhæfir. Í stað kátra barna hirstar þar fjölskyldur sem flúið hafa heimili sín og lífsviðurværi vegna sprengjuárása. Talið er að um 180 þúsund manns hafi farið yfir landamærin til Sírlands og búi þar í flóttamannabúðum. Í heild er því yfir milljón manns, þar af hálf milljón barna, á flóttu.

Viðbrögð UNICEF

UNICEF og samstarfsaðilar flytja neyðargögn til Líbanon nær daglega þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður. Hjálpargögn sem send hafa verið miðast við tölur frá 8. ágúst.

Vatn og hreinlæti – kemur í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma

Fyrir árásirnar höfðu 100% íbúa aðgang að vatni. Ekki er komið í ljós hversu mikið af vatnsbirgðum og dælum hafa verið eyðilagðar. UNICEF hefur flutt og dreift til flóttafólks:

- 50 vatnstönkum (5000 lítra hver).
- 60.000 lítrum af vatni í flöskum.
- 237 vatns- og hreinlætispökkum, en í þeim eru m.a. brúsar, vatns-hreinsitöflur og sápur. 78.000 flóttamenn hafa notið góðs af pökkunum.
- 3150 pökkum af vatns-hreinsitöflum sem hefur verið skipt milli 63.315 flóttamanna.
- 26.396 pökkum af sáputykkjum.
- 263.608 bleyjum sem 88.235 ungabörn njóta góðs af.

Lífssauðsynleg lyf og bólusetningar

UNICEF, Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og heilbrigðisráðuneytið í Líbanon hófu bólusetningarátak gegn mislingum og mænusótt í byrjun ágúst. Börn undir 5 ára aldri fá einnig A-vítamín í þessu átaki. Mikil þörf er á verkjalyfjum og hefur UNICEF dreift 800 pökkum af Parasetamóli og öðrum nauðsynlegum lyfjum sem mun gagnast um 50 þúsund börnum. Miklu magni af saltuplausnum og lúsa-sjampói hefur verið dreift víða.

Auk alls þess sem UNICEF hefur sent á svæðið keypti skrifstofa UNICEF í Líbanon sjúkragögn, sápur, vatnsbrúsa og leikföng í Líbanon og dreifði þeim til þurfandi barna á fyrstu dögum átakanna.

ÁBYRGÐARHLUTVERK UNICEF

Við hjá UNICEF Ísland viljum að þú, kæra heimsforeldri, fái góðar upplýsingar um hvert framlag þitt rennur. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir er þér velkomið að hafa samband við okkur í síma **552 6310** eða með því að senda tölvupóst á **heimsforeldri@unicef.is**. Tengiliður þinn hjá UNICEF Ísland er Snjólaug Aðalgeirsdóttir. Mjög mikilvægt er að þú láttir okkur vita um breytt heimilisfang, tölvupóstfang eða greiðslufyrirkomulag.

Langstærsti hluti fjármagns UNICEF fer til verkefna fyrir börn. Heildarútgjöld UNICEF árið 2005 voru tæplega 156 milljarðar íslenskra króna (2191 milljónir USD). Af þeim var 96% varið til verkefna fyrir börn í þróunarlöndunum.



© UNICEF/Brooks



© UNICEF/McConnico



© UNICEF/Brooks

Randa Ali Faris, 6 ára, er í áfalli eftir að bær hennar sunnan við Tibnin, nærri landamærum Ísraels, varð fyrir sprengjuárás. Móðir hennar lést í árásinni.



© UNICEF/Brooks

Ali Garib, 10 ára, missti augað og nefið í loftárás. Hér er honum hjúkrað á Hamoud spítalanum í Saída, 40 km. frá Beirút.

Börn fá að vera börn

Um 16.200 börn njóta nú góðs af leikjapökkum UNICEF, en í þeim eru m.a. boltar og sippubönd. Von okkar er að börnin geti haldið áfram að leika sér þrátt fyrir erfiða tíma. Áætlað er að dreifa slíkum pökkum í 50 skóla til viðbótar.

Hlutfall heildarútgjalda UNICEF til verkefna árið 2005

